

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 2006 í máli nr. E-308/2006:

Bórsafli hf

(Sigríður Kristinsdóttir hdl.)

gegn

Gunnari Pétri Árnasyni

Verkvík

(Jónas Þór Guðmundsson hdl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 19. júní sl., höfðaði Bórsafli ehf., Skútuhrauni 15, Hafnarfirði gegn Gunnari Árnasyni Þykkvabæ 13, Reykjavík, persónulega og fyrir hönd einkafirma hans Verkvík, s.st.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 2.962.000 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 300.000 frá 23. maí 2004 til 5. ágúst s.á., af kr. 1.800.000 frá þeim degi til 11. september s.á. og af kr. 2.962.000 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 1.500.000 sem greiddar hafi verið 3. ágúst 2005.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt málskostnaðar- reikningi.

II

Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð stefnda gerði fyrirtækið Verkvík ehf. verksamning, hinn 24. febrúar 2004, við húsfélag fjöleignarhússins að Háholti 1-3 í Hafnarfirði um að annast steypuviðgerðir á húsinu, viðgerðir á

gluggum þess og opnanlegum fögum svo og að mála húsið fyrir kr. 6.735.900. Átti að ljúka verkinu sumarið 2004. Þessi verksamningur hefur ekki verið lagður fram í málinu.

Stefnandi tók að sér að mála húsið sem undirverktaki. Óumdeilt er að hvorki var gerður skriflegur samningur um málningarvinnuna né sérstaklega um það samið hvað greiða skyldi fyrir hana. Aðilar málsins deila hins vegar um það hvort stefndi var aðili sammingsins eða Verkvík ehf. Stefnandi heldur því fram að hann hafi samið við stefnda sem einkaeiganda fyrirtækisins Verkvík, en stefndi heldur því fram að stefnandi og fyrirtækið Verkvík ehf. hafi samið um málningarvinnuna.

Forsvarsmaður stefnanda, Hannes Þór Baldursson, skýrði frá því fyrir dóminum að ætlunin hafi verið að aðilar sammingsins hefðu þannig vinnuskipti að stefndi tæki að sér í staðinn sprunguviðgerðir í verkum sem stefnandi tæki sjálfur að sér að vinna, en slík vinnuskipti hefðu þeir áður haft. Upplýst er að ekki kom til neinna vinnuskipta á milli aðila vegna hins umdeilda verks.

Stefnandi réði sjálfur undirverktaka til þess að annast málningarvinnuna og þegar henni átti að vera lokið sumarið 2004 taldi húsfélagið vinnuna svo gallaða að ekki yrði við unað. Stefnandi viðurkenndi að gallar væru á málningarvinnunni en þá var orðið áliðið sumars og leiddi það til þess að úr göllunum var ekki bætt fyrir en næsta sumar.

Verkvík ehf. hafði tekið að sér að gera við glugga á húsinu, eins og fyrr greinir, og að skipta a.m.k. um einhver opnanleg fög. Forsvarsmaður stefnanda lýsti því fyrir dóminum að strax hefðu komið fram gallar á opnanlegu fögunum og það tafið málningarvinnuna. Stefndi sagði þá galla ekki hafa komið í ljós fyrir en síðar og hefðu þeir ekki staðið því í vegi að málningarvinnunni yrði lokið sumarið 2004 eins og um hefði verið samið. Sumarið 2005 var skipt um opnanlegu fögin og stefnandi lauk málningarvinnu við húsið einhvern tíma í ágúst, en ekki er að fullu upplýst hvenær mánaðarins það var.

Stefnandi gerði þrjá reikninga fyrir málningarvinnuna. Reikningarnir eru stílaðir á Verkvík ehf., en á þá er sett kennitala stefnda, Gunnars. Reikningarnir eru sem hér segir:

Reikningur gefinn úr 23.04.2004 með gjaldd. 23.05.2004 að fjárhæð kr. 300.000.

Reikningur gefinn úr 05.07.2004 með gjaldd. 05.08.2004 að fjárhæð kr. 1.500.000.

Reikningur gefinn úr 11.08.2004 með gjaldd. 11.09.2004 að fjárhæð kr. 1.162.000.

Reikningarnir eru því samtals að fjárhæð kr. 3.962.000 og fékk stefnandi greiddar kr. 1.500.000 hinn 3. ágúst 2005, en hefur ekki fengið frekari greiðslur.

Að sögn skrifstofumanns stefnanda, Sigríðar Sigurðardóttur, var henni falið að innheimta framangreinda reikninga sem ekki hafi annan árangur borið en að greiddar hafi verið kr. 1.500.000. M.a. hafi hún sent stefnda tölvupóst hinn 12. ágúst 2005 og krafist greiðslu á eftirstöðvum, en engin svör fengið. Stefndi kannaðist ekki við að hafa fengið tölvupóstinn. Sigríður sagði reikningana síðan hafa verið senda í innheimtu hjá lögmannsstofu.

Eins og fyrr greinir töldu forráðamenn húsfélagsins verkið vera gallað og fengu verkfræðing til þess að skoða það. Fram kemur í tölvupósti frá stefnda til verkfræðingsins 3. febrúar 2006 að haldinn hafi verið fundur með honum og stefnda, fulltrúa frá stefnanda og fulltrúum húsfélagsins hinn 16. nóvember 2004. Stefndi biður verkfræðinginn að rifja upp hvernig honum hafi komið málningarvinnan fyrir sjónir og segir verkfræðingurinn að sitt mat hafi verið það að verulegra úrbóta væri þörf. Lýsir hann því að grisjað hafi í gegnum málningu á útveggjum, þeir hafi verið mislitir og á gaflí hússins hafi afmarkað svæði verið ómálað. Kíttun með gluggum og málun þeirra hafi verið ábótavant og umgengni óásættanleg. Þess hafi verið krafist að allt húsið yrði málað að nýju. Þá kemur fram að munnlegar sættir hafi náðst á staðnum.

Hinn 18. nóvember 2004 gaf stefndi út yfirlýsingu sem hann segist hafa gert í framhaldi af úttekt á stöðu verksins. Er efni yfirlýsingarinnar eftirfarandi:

1. Málningarvinnu er ekki lokið og ekki verður hægt að ljúka henni fyrir en næsta vor.
2. Enn eru opnanleg fög sem leka og munu smiðir koma helgina 27. & 28. nóv. og laga þar sem þarf og setja stormjárn og krækjur.
3. Einnig munu smiðir kítta á milli steins og trés á bakhlið og göflum.
4. Málningarvinnu skal að fullu lokið fyrir 15. júní 2005.
5. Þegar smiðir hafa lokið vinnu við glugga og íbúar sáttir við þá vinnu greiðir húsfélagið útgefna reikninga.
6. Þegar málarar hafa lokið málun á húsinu, vinnan tekin út og samþykkt af húsfélagi skal gefið út ábyrgðarskírteini og verkið gert upp samkvæmt tilboði.

Lagt hefur verið fram skjal í málinu sem ber yfirskriftina „Krafa húsfélagsins Háholti 1-3 um afslátt af verksamningi“ og er það dags. 06.12.05. Er það undirritað af sex félögum í húsfélaginu og stefnda. Þar kemur fram að verkið hafi að lokum verið klárað í septemberlok 2005 og séu íbúar þökkalega sáttir við það. Húsfélagið hafi hins vegar orðið fyrir umtalsverðum kostnaði vegna þess að verkið hafi dregist. Hafi félagið þurft að taka lán með yfirdráttarvöxtum þar sem ekki hafi verið hægt að fá endanlegt lán fyrir en verkinu hafi verið lokið. Þá hafi félagið og þurft að kaupa ráðgjafarþjónustu vegna galla á verkinu og einnig hafi þeir orðið fyrir miklum óþægindum. Þá segir í skjalinu að húseigendur vilji að verktaki taki á sig hluta kostnaðar, kr. 800.000, sem dragist frá uppgjöri verksins og ljúka því þar með með sátt.

Á þetta mun stefndi hafa fallist. Telja verður upplýst að stefnandi hafi ekki átt aðild að þessu samkomulagi.

Fyrrverandi gjaldkeri húsfélagsins að Háholti 1-3, Frank Þór Franksson, skýrði frá því fyrir dóminum að sig minnti að í samningi húsfélagsins og Verkvíkur ehf. hafi verið áætlað að kostnaður við að mála húsið hefði verið rúmar 2,8 milljónir en þeirri greiðslu hefði húsfélagið haldið eftir þar til málningarvinnu var lokið. Vitnið taldi að málningarvinnu við húsið hefði verið lokið í byrjun ágúst 2005.

III

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að hann hafi ekki samið um málningarvinnuna við Verkvík ehf., heldur stefnda. Þetta hafi verið fyrsta verk sem stefnandi hafi unnið fyrir stefnda og stefndi hafi enga athugasemd gert þótt reikningar fyrir verkið væru stílaðir á kennitölu hans en ekki Verkvíkur ehf. Stefnda hafi borið að upplýsa stefnanda um að Verkvík ehf. væri samningsaðili en ekki hann sjálfur. Það hafi hann ekki gert og verði að bera hallann af því. Þeir reikningar sem lagðir hafi verið fram í málinu beri ekki með sér að Verkvík sé einkahlutafélag. Ekki hafi verið tilkynnt um að fyrirtækið Verkvík hafi verið lagt niður, eins og skylt sé samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 42/1903, eða að Verkvík ehf. hafi tekið við rekstri þess. Þannig hafi tvö fyrirtæki á vegum stefnda borið nafnið Verkvík sem hafi verið fallið til þess að valda ruglingi. Þótt skattstjórinn í Reykjavík hafi fengið tilkynningu um að Verkvík væri ekki skattaðili sé þar ekki um opinbera skráningu að ræða og skipti þriðja mann sem stefnanda engu máli. Stefndi hafi greitt stefnanda inn á verkið og öll rök og gögn bendi til þess að stefndi sé skuldbundinn til að greiða stefnanda umkrafa skuld enda hafi stefndi ekki haldið öðru fram fyrr en í greinargerð í málinu. Þannig geti stefndi ekki borið fyrir sig aðildarskort í málinu.

Stefndi hafi ekki gert athugasemd við fjárhæðir þeirra reikninga sem stefnandi hafi krafist hann um, eins og komið hafi fram í vitnisburði skrifstofumanns stefnanda. Því sé haldið fram að stefnandi og stefndi hafi samið um að greiðslan fyrir málningarvinnuna skyldi vera 2,8 milljónir og hafi fyrrverandi gjaldkeri húsfélagsins í Háholti 1-3 borið fyrir dómi að miðað hafi verið við svipaða fjárhæð í verksamningi Verkvíkur ehf. og húsfélagsins. Það sé rétt að gerðar hafi verið athugasemdir við málningarvinnuna. Stefndi hafi tekið þær til greina og skilað af sé óaðfinnanlegu verki. Verði ekki talið sannað að aðilar málsins hafi samið um að greiðsla fyrir málningarvinnuna yrði 2,8 milljónir þá eigi engu að síður að taka kröfuna til greina því að um sanngjarnt verð fyrir vinnuna sé að ræða sem stefnandi eigi rétt á, sbr. 45. gr. laga nr. 50/2000. Stefndi beri sönnunarbyrðina um hið gagnstæða.

Gagnkrafa stefnda sé vanreifuð og eigi að vísa henni frá dómi. Stefnandi hafi ekki komið að gerð samkomulagsins á milli stefnda og húsfélagsins þar sem stefndi hafi samþykkt að veita húsfélaginu kr. 800.000 í afslátt af því verði sem samið hafi verið um fyrir heildarverkið. Verkið hafi tafist vegna þess að stefndi hafi lagt til gölluð gluggafög og hafi ekki lagfært þann galla fyrr en í september 2005. Málningarvinnan hafi og tafist af þessum sökum. Hafi stefndi haft í hyggju að gera gagnkröfu á hendur stefnanda hefði hann átt að gera það í síðasta lagi við verklokin. Þótt litið yrði svo á að stefnandi beri einhverja ábyrgð á þeim tögum sem á verkinu hafi orðið þá beri stefndi það einnig og í því tilviki sé ekki hægt að krefja stefnanda um að taka þátt í meira en helmingi afsláttarins. Þá beri þess að gæta að stefnandi hafi á þessum tíma ekki fengið greitt fyrir vinnu sína og þannig ekki átt neina sök á þeim fjármagnskostnaði sem húsfélagið kunni að hafa orðið fyrir. Stefndi neiti nú að greiða stefnanda kr. 1.400.000 enda þótt í ljós sé leitt að hann hafi ekki gefið meiri afslátt en kr. 800.000.

Stefnandi mótmæli því að hann hafi nokkurt tómlæti sýnt um innheimtu kröfu sinnar. Þvert á móti hafi hann gert ítrekaðar tilraunir til þess að innheimta hana.

Verði ekki fallist á dráttarvaxtakröfu stefnanda, eins og hún sé sett fram í stefnu, eigi að dæma dráttarvexti af skuldinni frá júní eða júlí 2005 eða í síðasta lagi frá 3. ágúst s.á., en þá hafi stefndi greitt inn á skuldina.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að Verkvík ehf. hafi gert verksamning við húsfélagið að Háholti 1-3 og samið við stefnanda um að mála húsið. Þetta sjáist og af því að stefnandi hafi stílað umkrafa reikninga á Verkvík ehf., enda þótt óskiljanlegt sé að kennitala stefnda, Gunnars Árnasonar, hafi verið skráð á reikningana. Engu máli skipti þótt Gunnar Árnason hafi greitt inn á reikninga stefnda af eigin reikningi, það hafi verið samningar milli hans og Verkvíkur ehf. sem stefnanda séu óviðkomandi. Gunnar hafi verið í góðri trú um að hann væri að greiða reikninga fyrir Verkvík ehf. Stefndi, Gunnar Árnason persónulega og f.h. Verkvíkur, hafi ekki samið við stefnanda enda hafi þessir aðilar ekki verið í rekstri síðan árið 2002. Það sýni skattframtöl Gunnars Árnasonar og einnig það að Verkvík ehf. hafi verið skráð í hlutafélagaskrá í ársbyrjun 2001. Ekki skipti máli um réttarsamband aðila þótt Gunnari hafi láðst að tilkynna að einkafyrirtæki hans Verkvík væri hætt rekstri. Þá bendir stefndi á að stefnandi hafi tekið við rekstri fyrirtækisins, Viðhaldi fasteigna ehf., sem átt hafi viðskipti við Verkvík ehf. og stílað reikninga sína á einkahlutafélagið. Forsvarsmönnum stefnanda hafi þannig verið vel kunnugt um tilvist Verkvíkur ehf. Þetta leiði allt til þess að sýkna eigi stefnda af kröfum stefnanda vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Fari svo að litið verði á stefnda sem aðalverktaka gagnvart stefnanda sé á því byggt að stefnandi hafi fengið að fullu greitt fyrir vinnu sína með kr. 1.500.000. Ekki hafi verið samið um þá fjárhæð sem reikningarnir nemi og ekki hafi heldur verið samið um þá fjárhæð sem fyrrverandi gjaldkera húsfélagsins minnti að gert hafi verið ráð fyrir í verksamningi Verkvíkur ehf. og húsfélagsins að málningarvinnan myndi kosta. Ástæða þess að ekki hafi verið sérstaklega samið um

greiðslu fyrir verkið hafi verið sú að Verkvík ehf. og stefnandi hafi ætlað að hafa vinnuskipti sem ekki hafi orðið af. Stefnandi eigi ekki rétt á hærri greiðslum því að bæði hafi vinna hans verið gölluð og eins valdið töfum á framkvæmd verksins. Húsfélagið hafi orðið fyrir tjóni í formi vaxta af yfirdráttarreikningi þar sem framkvæmdalán á hagstæðari kjörum hafi ekki fengist fyrr en að verkinu loknu. Þessi vaxtakostnaður hafi numið kr. 879.257. Eins hafi húsfélagið neyðst til þess að kaupa þjónustu verkfræðifyrirtækis til að hafa eftirlit með framkvæmdunum og hafi það kostað kr. 25.772. Auk þessa hafi húsfélagið orðið fyrir margvíslegum óþægindum vegna slægra vinnubragða stefnanda. Allt þetta hafi leitt til þess að Verkvík ehf. hafi orðið að gefa húsfélaginu kr. 800.000 í afslátt af greiðslu samkvæmt verksamningnum. Af þessum sökum verði að leggja sönnunarbyrðina á stefnanda fyrir því að hann hafi ekki nú þegar fengið sanngjarna greiðslu fyrir verk sitt og megi skilja 45. gr. laga nr. 50/2000 svo að samkvæmt henni hvíli sönnunarbyrðin á stefnanda. Stefnandi hafi ekki gert reka að innheimtu reikninga sinna fyrr en seint og um síðir sem bendi eindregið til þess að hann hafi á sínum tíma talið vinnuna fullgreidda. Þetta eigi að leiða til sýknu stefnda.

Verði ekki á þetta fallist er því haldið fram af hálfu stefnda að hann eigi kröfu til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda án sjálfstæðs dóms sem sé a.m.k. jafnhá þeim hluta kröfu stefnanda sem kunni að vera tekin til greina. Gagnkrafan byggist á því að húsfélagið hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem nemi samtals kr. 905.029 og orsök tjónsins sé að stæstum hluta ófagleg vinnubrögð stefnanda. Vegna þessa hafi Verkvík ehf. orðið að veita kr. 800.000 afslátt að verkkaupi sínu og samkvæmt reglum verktaka- og kröfuréttar eigi stefndi rétt á að fá þennan kostnað bættan hjá stefnanda í formi afsláttar eða skaðabóta. Verði ekki fallist á það að stefnandi eigi að greiða allt tjón stefnda sé á því byggt að hann eigi a.m.k. að greiða helminginn, kr. 400.000. Þessi skipting verði þá að ákveðast að álitum með hliðsjón af atvikum málsins. Verði þetta ekki talið nægilegt til að sýkna stefnda að fullu beri a.m.k. að lækka kröfu stefnanda eftir því sem skuldajöfnuðurinn hrökkvi til.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir tómlæti. Hinir umstefndu reikningar séu gefnir út í apríl, júlí og ágúst 2004. Greiddar hafi verið kr. 1.500.000 3. ágúst 2005. Innheimtubréf hafi ekki verið sent fyrr en 26. október 2005 eða 13 ½ mánuði eftir útgáfu síðasta reikningsins.

Stefndi mótmælir sérstaklega dráttarvaxtakröfu stefnanda og byggir á því að samkvæmt 7. gr. laga nr. 38/2001 skuli ekki reikna dráttarvexti í þann tíma sem greiðsludráttur verði vegna atvika sem varði kröfuhafa og skuldara verði ekki kennt um. Í ljósi atvika málsins sé þess krafist að dráttarvextir, komi til að þeir verði dæmdir, verði ekki dæmdir frá fyrri tíma en birtingardegi stefnu. Þá byggir stefndi og á því að ekki hafi verið samið um gjalddaga reikninganna og sé því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að gjalddagi ætti að vera 30 dögum eftir útgáfudag reiknings. Stefnandi hafi fyrst krafist greiðslu með bréfi dags. 26. október 2005 og sé því ekki heimilt að dæma dráttarvexti frá fyrri tíma en að mánuði liðnum frá þeim degi, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Það er upplýst að stefnandi tók að sér að mála fjöleignarhúsið að Háholti 1-3 á árinu 2004. Það er óumdeilt í málinu að um þá vinnu var ekki gerður skriflegur samningur og að ekki hafi verið samið sérstaklega um það hvað greitt skyldi fyrir þá vinnu. Um greiðslu fyrir hana myndi þá fara eftir almennum reglum og ákvæðum 45. gr. laga nr. 50/2000, en til hliðsjónar mætti hafa það verið sem gert var ráð fyrir í verksamningi Verkvíkur ehf. við húsfélagið í Háholti 1-3 að kostaði að mála húsið. Sá samningur var ekki lagður fram í málinu, en gjaldkeri húsfélagsins sagði fyrir dómi að sig minnti að sú fjárhæð hefði verið um það bil kr. 2.800.000. Það er hins vegar ljóst að í upphafi var galli á verki stefnanda sem verulegar líkur eru á að hafi a.m.k. að sínu leyti leitt til þess að verkið tafðist og að Verkvík ehf. taldi óhjákvæmilegt að gefa húsfélaginu afslátt af verkkaupi sínu. Hins vegar lauk stefnandi að lokum verki sínu gallalausum eftir því sem fram er komið í málinu. Hér verður og að hafa í huga að verk það sem Verkvík ehf. vann sjálf var heldur ekki gallalaust í upphafi og hefur það að öllum líkindum einnig leitt til tafa og afsláttarins. Eru þannig miklar líkur á að báðir framangreindir aðilar eigi sök á því hvernig fór og ættu því báðir að bera hana. Til þeirra atriði sem að framan eru rakin verður þó ekki tekin bein afstaða af hálfu dómsins því að niðurstaða ræðst af því hverja ber að telja aðila að þeim samningi sem er grundvöllur reikningsgerðar stefnanda.

Stefnandi telur að hann hafi samið við Gunnar Árnason persónulega og f.h. einkafirma hans, Verkvíkur. Því er mótmælt af stefnda. Það er upplýst að Verkvík ehf. tók að sér endurbætur á húsinu að Háholti 1-3 og samdi um það verk við húsfélagið. Umkrafðir reikningar stefnanda eru stílaðir á Verkvík ehf., enda þótt kennitala Gunnars Árnasonar hafi verið sett á þá, og beindi stefnandi með þeim hætti kröfu sinni að einkahlutafélaginu. Þótt sú greiðsla sem stefnandi fékk greidda inn á reikningana hafi komið af persónulegum reikningi Gunnars Árnasonar þykir það ekki vera sönnun um það hver var samningsaðili stefnanda. Það er upplýst að félagið Verkvík ehf. var stofnað í árslok 2001 og hefur verið starfrækt síðan. Það er að vísu svo að Gunnar Árnason tilkynnti ekki til firmaskrár að einkafyrirtækið Verkvík hefði hætti störfum, eins og honum bar. Hins vegar er ekkert komið fram um að einkafyrirtækið Verkvík hafi nokkurn rekstur haft með höndum eftir að Verkvík ehf. var stofnað og ekkert komið fram um það að á þeim tíma sem samningurinn um málningarvinnuna var gerður hafi stefnandi haft sérstaka ástæðu til þess að telja að hann væri að semja við einkafyrirtækið Verkvík en ekki Verkvík ehf. Samkvæmt því sem að framan segir þykir óhjákvæmilegt að líta svo á að ekki hafi stofnast samnings samband á milli aðila þessa máls og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda á grundvelli aðildarskorts stefnda, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Málkostnaður sem stefnandi greiði stefnda þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.000 auk virðisaukaskatts.

Friðgeir Björnsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð.

Stefndi, Gunnar Árnason persónulega og fyrir hönd Verkvíkur, er sýkn af kröfum stefnanda, Þórsafls ehf.

Stefnandi greiði stefnda kr. 150.000 í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Friðgeir Björnsson